



Hörgársveit Framkvæmdaleyfi

Heiti framkvæmdaleyfis:

Aðveituæð Norðurorku / Ós-Skjaldarvík

Leyfishafi:

Norðurorka
kt. 550978-0169
Rangárvöllum
600 Akureyri

Leyfisveitandi:

Hörgársveit
kt. 510101-3830
þelamerkurskóla, 601 Akureyri

Fylgigögn framkvæmdaleyfis:

- a) Umsókn um framkvæmdaleyfi dags. 20. september 2019.
- b) Yfirlitsmynd af lagnaleið, teikningarnr. M02-102 1, breyting 1 dags. 18. september 2019.
- c) Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu, dags. 24. júlí 2018.
- d) Minnisblað Náttúrufræðistofnunar Íslands dags. 16. október 2018.
- e) Leyfi Vegagerðarinnar til framkvæmda innan veghelgunarsvæðis, dags. 20. september 2018.
- f) Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna fyrri áfanga aðveituæðarinnar 8. nóvember 2018 (Hjalteyri – Ós) dags.

Útgáfa framkvæmdaleyfisins:

Framkvæmdaleyfi þetta er gefið út á grundvelli reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

Með vísan til samþykktar sveitarstjórnar Hörgársveitar 31. október 2019 er hér með veitt framkvæmdaleyfi til lagningar aðveituæðar hitaveitu milli Óss og Skjaldarvíkur, Hörgársveit, skv. neðangreindum skilmálum.

Gildistími framkvæmdaleyfisins:

Framkvæmdaleyfið tekur gildi 1. nóvember 2019 og gildir í fimm ár.

Svæði sem framkvæmdaleyfið tekur til:

Framkvæmdaleyfið tekur til kafla milli stöðva 6.500 og 14.400 sem tilgreindar eru á uppdrætti í fylgigagni b).

Almennir skilmálar framkvæmdaleyfis:

1. Framkvæmdaleyfi þetta er bundið þeim skilmálum sem fram koma í aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024.
2. Framkvæmdaleyfi þetta er bundið framkvæmdaráætlun og öðrum skilmálum sem fram koma fylgigönum leyfisins og bókun sveitarstjórnarfundar 31. október 2019.
3. Framkvæmdina skal vinna samfellt, eða í eins fáum samfelldum lotum og unnt er með hliðsjón af eðli framkvæmdar.
4. Snyrtilega verði gengið frá framkvæmdasvæðinu að framkvæmd lokinni. Leyfishafi skal ganga frá grónu landi með svarðlagi eða sáningu.



Hörgársveit

5. Umgengni um framkvæmdasvæðið skal vera góð og fyllsta öryggis gætt með tilliti til umferðar við framkvæmdasvæðið, svo sem vegna umferðar á þjóðvegi eða annarra vegfarenda og við framkvæmdasvæðið.
6. Leyfishafi skal tryggja að vegir og slóðar skemmist ekki vegna starfsemi sinnar.
7. Gildistími framkvæmdaleyfis er tilgreindur framar í leyfi þessu og skal frágangi lokið á þeim degi.

Eftirlitsmaður framkvæmdaleyfisins:

Vigfús Björnsson, skipulags- og byggingarfulltrúi

Útgáfudagur:

1. nóvember 2019

Undirskrift:

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Vigfús Björnsson".

*Skipulags- og byggingarfulltrúi
Eyjafjarðar*